

Samkvæmt framansögðu verður að staðfesta gestaréttardóminn, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið, sem eigi þykir athugasvert. En eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sigfús Pétursson greiði stefnda skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu fyrir hönd dánarbús Ólafs Ólafssonar frá Háagerði, málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúarmánaðar.

Nr. 55/1908:

Réttvísni

gegn

Jóhanni Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkevðnum 2. okt. f. á., var hinn ákærði, vinnumaður Jóhann Guðmundsson í Garðstöðum í Vestmanneyjum, dæmdur fyrir

einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar með talin málsvarnarlaun, 6 krónur, til svaramanns hans fyrir aukaréttinum. hreppstjóra Sigurðar Sigurfinnssonar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Það er sannað í málinu með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, að hann hafi sunnudaginn 9. febr. f. á., er hann ásamt ýmsum öðrum var að vinna að frystingu á síld í íshúsinu í Vestmanneyjum, tekið að ófrjálsu mörstykki, er var rúmlega 3 pund á þyngd, en það var inni í frystiklefa íshússins; stakk hann mörnum undir treyjubarm sinn og fór með hann út úr íshúsinu; en með því að aðrir, er voru að vinnu í íshúsinu, veittu því eftirtekt, að hann hafði eitthvað í barmi sínum, er hann fór út, höfðu þeir orð á því við hreppstjóran, er var viðstaddur og hafði umsjón yfir frystingunni; veitti hann ákærða eftirför og náði honum, er hann var kominn á að gizka 100 faðma frá íshúsinu; tók hreppstjórinn mörinn af ákærða þá þegar við verknaðinn, eins og honum er lýst hér að framan, en hann hefir haldið því fram, að hann hafi að eins tekið mörinn, til hirðingar og ætlað að láta íshússvörðinn »vita um hann«. Þessi framburður ákærða er þó svo ósennilegur, að hann verður eigi tekinn til greina. Ákærði var verkamaður við síldarfrystinguna, en honum bar eigi skylda til þess, og eigi hafði hann umboð til þess að skifta sér að öðru leyti af munum eða vörum í íshúsinu, og fyrir því var það eigi hans hlutverk að hirða um áminst mörstykki. Þá er hann fór með mörinn, — sem hann fór laumulega með og faldi í barmi sínum, —

úr íshúsinu, fór hann eigi áleiðis til forstöðumanns íshússins eða íshússvarðarins, heldur í þveröfuga átt, og þegar hreppstjórinn spurði hann, hvað hann hefði í barminum, og tók af honum mörinn, mintist hann ekki með einu orði á, að hann ætlaði að afhenda íshússverðinum mörstykkið eða »láta hann vita um það«, eins og hann hefir komist að orði. Það verður því að álíta, að ákærði hafi tekið mörinn, sem talinn hefir verið 1 kr. virði eftir venjulegu gangverði þar á staðnum, til þess að kasta eign sinni á hann og hagnýta sér hann.

Jafnframt og rannsókn fram fór í héraði um framangreint afbrot ákærða, kom upp grunur gegn honum um það, að hann væri valdur að innbroti í sölubúð á Vestmanneyjum og að hvarfi á munum úr skipinu Seagull og skemdum á gufuvél nefnds skips, er hafði orðið að strandi þar í eyjunum, en við ransóknina kom ekkert í ljós, er sannaði grun þennan. Þá er ákærði var tekinn fastur undir rannsókninni, fanst hjá honum koparskrúfa, er áleizt vera úr nefndu skipi, Seagull, og gjörði ákærði þá grein fyrir skrúfu þessari, að hann hefði fundið hana úti á víðavangi og borið hana á sér fyrst nokkurn tíma, og síðan hafi hún legið heima hjá honum með öðru rusli, og hafi sér eigi hugkvæmst að lýsa henni. Eftir því sem fram er komið í málinu er eigi ástæða til að rengja þessa sögusögn hins ákærða, og þar sem hann eigi virðist hafa farið leynilega með skrúfuna og á hinn bóginn eigi er sannað, að hún hafi haft nokkurt verðmæti, verður eigi álitid, að meðferð hans á hlut þessum varði við hegningarlögin.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn glæp. Framan-

greint brot hans, stuldurinn á mörnum, heyrir undir 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir það af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Með því að málskostnaðar-ákveði aukaréttardómsins einnig samþykkt, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Jóhann Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Eggerts Claessens 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. janúarmán.

Nr. 12/1908:

Guðmundur Jónasson
gegn

Sigurjóni Markússyni eða til vara Eggert
Claessen sem umboðsmanni fyrir Íslandsk
Handels og Fiskerikompagni.